

# Taste of the Wild loksins fáanlegt á Íslandi

Alvöru kjöt, alvöru bragð og alvöru gæði!

Taste of the Wild er stærsti framleiðandi á kornalausum (e. Grain Free) gæludýrafóðri í heiminum. Árangur og vinsældir vörumerkisins er engin tilviljun en vörurnar innihalda:

- Fyrsta innihaldsefni úr alvöru hágæða próteini úr dýraríkinu
- Sjaldgæfa próteingjafa sem valda síður ofnæmisviðbragði
- Einstakt villt bragð sem dýrin hafa sterka eðlislæga löngun í
- Kolvetni, trefjar og andoxunarefni úr grænmeti, baunum og ávöxtum
- Ekkert hveiti og engin hrísgrjón
- Engar maís-, soja- eða aðrar kornafurðir
- Engar órekjanlegar kjöt- eða fuglaafurðir (e. meat meal/poultry meal)
- Engar hliðarafurðir (e. by-product)
- Engin litar- eða gerviefni
- Engin viðbætt efni
- Engin óheilnæm eða óþarfa innihaldsefni

## Hunda- og kattafóður

---



# Taste of the Wild

# Hundafóður

---

## Fyrir fullorðna hunda og allar tegundir

Fyrir fullorðna hunda er öll Taste of the Wild línan í boði. Það er vegna þess að hvolpafóðrið má einnig gefa fullorðnum hundum. Sumir fullorðnir hundar vilja smærri fóðuragnir og þá gætu hvolpafóðrið og fóðrið fyrir smærri tegundir reynst góðir valkostir. Þá er einnig sérstaklega mælt með hvolpafóðrinu fyrir hvolpafullar tíkur eða tíkur sem nýlega hafa gotið vegna næringarlegrar samsetningar hvolpafóðursins.



# High Prairie hundafóður

## Ristað vísundakjöt og sætar kartöflur

High Prairie hundafóðrið inniheldur ristað hágæða vísundakjöt, nautakjöt og villt ristað dádýr. Vísunda- og dádýrakjöt er hátt í próteinum og lágt í fitu, sem gerir það að góðum kosti fyrir gæludýr sem þurfa magurt fóður. Það er einnig ríkt af nauðsynlegum amínósýrum sem hjálpa til við að byggja sterka vöðva og efla almenna heilsu. Formúlan er mjög próteinrík, pökkuð af alvöru kjöti og gefur ríkt villt kjötbragð sem hundar hafa sterka eðlislæga löngun í.


Vísundakjöt er sjaldgæfur próteingjafi, sem getur oft gagnast gæludýrum með fæðuofnæmi eða óþol.

### Helstu staðreyndir:

- **Alvöru dýrprótein:** Vísundur
- **Aðal kolvetnagjafi:** Sætar kartöflur
- **Stærð tegundar:** Allar tegundir
- **Lífsskeið:** Fullorðinn – 12 mánaða og eldri
- **Prótein:** 32%

## High Prairie hundafóður

Fyrir fullorðna hunda og allar tegundir



# Wetlands hundafóður

## Hágæða andakjöt og sætar kartöflur


Wetlands hundafóðrið inniheldur hágæða andakjöt og einstakt bragð sem hundar elska. Andakjöt er hátt í próteinum, lágt í mettuðum fitusýrum, rík uppspretta af flestum B-vítamínum sem eru nauðsynleg fyrir almenna heilsu gæludýrsins. Andakjöt er einnig ríkt af fosfór og kalíum. Fosfór er mikilvægt fyrir beinheilsu, á meðan kalíum er nauðsynlegt fyrir hjartaheilsu og heilbrigða starfsemi vöðva og tauga. Andakjöt er einnig ríkt af járn og selen sem er gott fyrir framleiðslu rauðra blóðkorna og almenna heilsu ónæmiskerfisins. Andakjöt er einnig ríkt af omega-3 fitusýrum sem stuðla að heilbrigðri húð og feld. Þá er andakjöt sjaldgæfur próteingjafi, sem getur oft gagnast gæludýrum með fæðuofnæmi eða óþol. Andakjöt býr yfir fjölmörgum heilsufarslegum ávinningum sem stuðlar að vellíðan og almennri heilsu og er því dýrmæt viðbót við mataræði hunda á öllum aldri.

### Helstu staðreyndir:

- **Alvöru dýraprótein:** Andakjöt
- **Aðal kolvetnagjafi:** Sætar kartöflur
- **Stærð tegundar:** Allar tegundir
- **Lífsskeið:** Fullorðinn – 12 mánaða og eldri
- **Prótein:** 32%.

## Wetlands hundafóður

### Fyrir fullorðna hunda og allar tegundir



# Pacific Stream hundafóður

## Reyktur lax og sætar kartöflur


Pacific Stream er með reyktu laxabragði sem höfðar til villtrar náttúru allra hunda. Lax er góð uppspretta af omega-3 fitusýrum, sem eru þekktar fyrir að draga úr bólgumyndun og geta hjálpað til við að halda húð og feld gæludýrsins heilbrigðum. Þetta gerir lax sérstaklega gagnlegan fyrir gæludýr með ofnæmi eða erting í húð eða vandamál með feld. Lax er sjaldgæfur auðmeltanlegur próteingjafi og getur því verið æskilegur fyrir gæludýr með mataróþol. Lax býr yfir fjölmörgum heilsufarslegum ávinning og er dýrmæt viðbót við mataræði gæludýrsins sem stuðlar að vellíðan þeirra og almennri heilsu. Önnur innihaldsefnin eru vandlega valin til að veita heilnæma næringu fyrir almenna heilsu og orku fullorðinna hunda. Uppskriftin er eggjalaus og kemur allt dýrprótein úr fisk.

### Helstu staðreyndir:

- **Alvöru dýrprótein:** Lax
- **Aðal kolvetnagjafi:** Sætar kartöflur
- **Stærð tegundar:** Allar tegundir
- **Lífsskeið:** Fullorðinn – 12 mánaða og eldri
- **Prótein:** 25%

## Pacific Stream hundafóður

Fyrir fullorðna hunda og allar tegundir



# Hundafóður

---

Fyrir hunda á öllum aldri og allar tegundir

Allar formúlur frá Taste of the Wild sem ætlaðar eru hundum á öllum aldri innihalda DHA sem er nauðsynleg omega-3 fitusýra sem gegnir mikilvægu hlutverki í heilbrigðu ónæmis- og taugakerfi og stuðlar að heilbrigðum feld, heila- og sjónþroska. Næringarleg samsetning fóðursins í þessum flokk gerir það einnig hæft fyrir hvolpa, hvolpafullar tíkur eða tíkur sem nýlega hafa gotið.



# Southwest Canyon hundafóður

## Nauta- og villisvínakjöt og sætar kartöflur

Sannarlega einstakt prótein og einstakt bragð! Frábær blanda af nautakjöti og villisvíni gerir þessa uppskrift fullkomna fyrir hunda sem þrá að breyta af vananum og prófa eitthvað nýtt. Formúlan er pökkuð af alvöru nauta- og villisvínakjöti og gefur ríkt villt kjötbragð sem hundar hafa sterka eðlislæga löngun í. Kjöt villtra svína er hátt í próteinum og inniheldur einómaðar fitusýrur, járn, níasín, selenín, þíamín, B6-vítamín, og zink, á meðan það er lágt í natríum. Villisvínakjöt inniheldur einnig taurín, amínósýru sem er nauðsynleg fyrir hjartaheilsu. Þessi næringarefni eru öll nauðsynleg fyrir almenna heilsu og velferð gæludýra. Villisvínakjöt veitir fjölbreytni og nýtt bragð í mataræði gæludýra, sem getur bætt matarlyst þeirra og ánægju af mat. Formúlan inniheldur DHA Omega-3 fitusýrur og öll næringarefni sem hundar á öllum aldri þurfa nauðsynlega á að halda til að vaxa og dafna með heilbrigðum hætti.

### Helstu staðreyndir:

- **Alvöru dýraprótein:** Nautakjöt og villisvínakjöt
- **Aðal kolvetnagjafi:** Sætar kartöflur
- **Stærð tegundar:** Allar tegundir
- **Lífsskeið:** Allur aldur
- **Prótein:** 29%

## Southwest Canyon hundafóður

Fyrir hunda á öllum aldri og allar tegundir



# Sierra Mountain hundafóður

## Lambakjöt og sætar kartöflur


Sierra Mountain hundafóður frá Taste of the Wild inniheldur ristað lambakjöt, egg, sætar kartöflur og baunir. Þessi einstaka samsetning gefur bragð sem hundar elska ásamt næringu sem tryggir að mataræði hundsins sé í góðu jafnvægi. Lambakjöt er framúrskarandi uppspretta af hágæða próteinum, nauðsynlegum amínósýrum, B12- og B6-vítamínum, zink, selen, níasíni, fosfór, ríbóflavíni, járni, og kólíni. Lambakjöt inniheldur omega-3 fitusýrur, sem hjálpa til við að draga úr bólgumyndun og bæta heilbrigði húðar og felds. Þar sem lambakjöt er sjaldgæfari próteingjafi en t.d. kjúklingur er lambakjöt oft hjálplegt fyrir gæludýr sem eru með ofnæmi eða óþol. Formúlan inniheldur DHA Omega-3 fitusýrur og öll næringarefni sem hundar á öllum aldri þurfa nauðsynlega á að halda til að vaxa og dafna með heilbrigðum hætti.

### Helstu staðreyndir:

- **Alvöru dýraprótein:** Lambakjöt
- **Aðal kolvetnagjafi:** Sætar kartöflur
- **Stærð tegundar:** Allar tegundir
- **Lífsskeið:** Allur aldur
- **Prótein:** 25%

## Sierra Mountain hundafóður

Fyrir hunda á öllum aldri og allar tegundir





# Hundafóður

---

## Fyrir hvolpa og smærri tegundir

Fóðrið í þessum flokki er í smærri fóðurögnum sem hentar hvolpum og smærri hundum í mörgum tilfellum betur.

Þó að fóðrið í þessum flokki sé fyrst og fremst ætlað hvolpum og smærri tegundum, þá er það einnig hæft hundum á öllum aldri og öllum tegundum. Allar hvolpaformúlur frá Taste of the Wild innihalda DHA sem er nauðsynleg omega-3 fitusýra sem gegnir mikilvægu hlutverki í heilbrigðu ónæmis- og taugakerfi og stuðlar að heilbrigðum feld, heila- og sjónþroska. Einnig er sérstaklega mælt með hvolpafóðrinu fyrir hvolpafullar tíkur eða tíkur sem nýlega hafa gotið vegna næringarlegrar samsetningar hvolpafóðursins.



# High Prairie hvolpafóður

## Vísundakjöt og sætar kartöflur


High Prairie hvolpafóður inniheldur ristað hágæða vísundakjöt, nautakjöt og villt ristað dádýr. Vísundakjöt er ríkt af nauðsynlegum amínósýrum sem hjálpa til við að byggja sterka vöðva og efla almenna heilsu. Kjötið er ríkt af járni, selení og zinki en þessi steinefni gegna mörgum mikilvægum hlutverkum í líkama hvolpa. Járn leikur mikilvægt hlutverk í myndun rauðra blóðkorna, á meðan seleníum og zink eru nauðsynleg fyrir viðhald heilbrigðs ónæmiskerfis. Formúlan er þökkuð af alvöru kjöti og gefur ríkt villt bragð sem hundar á öllum aldri hafa sterka eðlislæga löngun í. Formúlan inniheldur DHA Omega-3 fitusýrur og öll næringarefni sem hvolpar þurfa nauðsynlega á að halda til að vaxa og dafna með heilbriðgum hætti. Minni fóðuragnir auðvelda hvolpum að njóta næringarefnanna. Næringarleg samsetning og DHA innihald gerir þetta fóður einnig frábært fyrir hvolpafullar tíkur, þær sem nýlega hafa gotið og aðra fullorðna hunda.

### Helstu staðreyndir:

- **Alvöru dýraprótein:** Vísundur
- **Aðal kolvetnagjafi:** Sætar kartöflur
- **Stærð tegundar:** Allar tegundir
- **Lífsskeið:** Hvolpar, hvolpafullar tíkur, tíkur sem nýlega hafa gotið og allur aldur
- **Prótein:** 28%
- **Smærri fóðuragnir:** Kjörin kornastærð fyrir hvolpa og smærri hunda á öllum aldri

## High Prairie hvolpafóður

### Fyrir hvolpa og smærri tegundir



# Pacific Stream hvolpafóður

## Reyktur lax og sætar kartöflur

Pacific Stream hvolpafóður er með reyktum lax og höfðar bragðið til villtrar náttúru allra hunda. Lax er lágur í mettuðum fitusýrum, hár í próteinum, omega-3 fitusýrum, B12-vítamíni, kalíum, og D-vítamíni. Omega-3 fitusýrur eru þekktar fyrir að draga úr bólgumyndun og stuðla að heilbrigðri húð og feld. Lax er sjaldgæfur auðmeltanlegur próteingjafi og því ólíklegur til að vekja ofnæmi og fer vel í maga. Lax býr yfir fjölmörgum heilsufarslegum ávinningum sem stuðlar að vellíðan og almennri heilsu og er því dýrmæt viðbót við mataræði hunda á öllum aldri. Formúlan inniheldur DHA Omega-3 fitusýrur og öll næringarefni sem hvolpar þurfa nauðsynlega á að halda til að vaxa og dafna með heilbrigðum hætti. Minni fóðuragnir auðvelda hvolpum að njóta næringarefnanna. Næringarleg samsetning og DHA innihald gerir þetta fóður einnig frábært fyrir hvolpafullar tíkur, þær sem nýlega hafa gotið og aðra fullorðna hunda.

### Helstu staðreyndir:

- **Alvöru dýraprótein:** Lax
- **Aðal kolvetnagjafi:** Sætar kartöflur
- **Stærð tegundar:** Allar tegundir
- **Lífsskeið:** Hvolpar, hvolpafullar tíkur, tíkur sem nýlega hafa gotið og allur aldur
- **Prótein:** 27%
- **Smærri fóðuragnir:** Kjörin kornastærð fyrir hvolpa og smærri hunda á öllum aldri

## Pacific Stream hvolpafóður

### Fyrir hvolpa og smærri tegundir



# Appalachian Valley fyrir smærri tegundir

## Dádýrakjöt og kjúklingabaunir


Appalachian Valley hundafóður fyrir smærri tegundir inniheldur dádýrakjöt og kjúklingabaunir. Auðmeltanleg dádýrakjöt og litlar fóðuragnir gera þessa uppskrift auðveldu fyrir maga og tennur smáhunda. Uppskriftin er rík af próteini og fitu og veitir þá orku sem virkir smáhundar þurfa. Blandan er einnig trefjarík sem styður við heilbrigða meltingu. Dádýrakjöt er magurt, hátt í próteinum, lágt í fitu, góð uppspretta af B-vítamínum, zink, fosfór, og járni en þessi næringarefni gegna mikilvægum hlutverkum í líkama gæludýra og stuðla að almennri heilsu og vellíðan. Dádýrakjöt er sjaldgæfur próteingjafi, sem getur oft gagnast gæludýrum með fæðuofnæmi eða óþol. Ef þú átt stóra tegund og vilt fóður með dádýrakjöti þá er þetta fóður einnig hæft hundum á öllum aldri og af öllum tegundum.

### Helstu staðreyndir:

- **Alvöru dýraprótein:** Dádýr
- **Aðal kolvetnagjafi:** Kjúklingabaunir
- **Stærð tegundar:** Smærri tegundir
- **Lífsskeið:** Allur aldur
- **Prótein:** 32%
- **Smærri fóðuragnir:** Kjörin kornastærð fyrir hvolpa og smærri hunda á öllum aldri

## Appalachian Valley fyrir smærri tegundir

### Fyrir hvolpa og smærri tegundir



# Kattafóður

---

## Fyrir allar tegundir og allan aldur

Taste of the Wild kattafóðrið er allt hæft bæði kettlingum og fullorðnum köttum. Kettir eru kjötætur og þurfa næringarefni úr dýrapróttíni í meira mæli en hundar. Prótein samanstendur af byggingareiningum sem kallast aminosýrur. Kettir geta ekki myndað allar aminosýrur sem þeir þurfa og verða að fá þær úr mataræði sínu. Þeir hafa einnig sérstaka þörf fyrir taurín, aminosýru sem finnst í kjöti, sem er mikilvægt fyrir heilbriggt hjarta, sjón og æxlun. Án nægjanlegs próteins og taurín, geta kettir þróað með sér alvarleg heilsufarsvandamál. Taurín er í öllum hunda- og kattaformúlum Taste of the Wild.



# Canyon River kattafóður

Silungur, reyktur lax og sætar kartöflur

Hvaða köttur þráir ekki bragðið af fisk? Canyon River kattafóður frá Taste of the Wild inniheldur bæði silung og reyktan lax sem gerir fóðrið ómótstæðilega bragðgott fyrir ketti. Uppskriftin er hugsuð bæði fyrir kettlinga og fullorðna ketti.

Silungur og lax veita framúrskarandi uppsprettu af omega-3 fitusýrum, sem eru þekktar fyrir að draga úr bólgumyndun og geta hjálpað til við að halda húð og feld katta heilbrigðum. Silungur inniheldur einnig járn, amínósýrur og vítamín sem stuðla að jafnri orku, heilbrigðri vöðvapróun og heilbrigði ónæmiskerfisins.


Eina uppspretta dýrapróteina í uppskriftinni er fiskur, svo hún gæti reynst góður kostur fyrir ketti með óþol eða ofnæmi. Næringarefnin í blöndunni stuðla að heilbrigðu ónæmiskerfi og jafnri orku.

## Helstu staðreyndir:

- **Alvöru dýraprótein:** Silungur og lax
- **Aðal kolvetnagjafi:** Sætar kartöflur
- **Stærð tegundar:** Allar tegundir
- **Lífsskeið:** Allur aldur
- **Prótein:** 32%

## Canyon River kattafóður

Fyrir allar tegundir og allan aldur



# Rocky Mountain kattafóður

## Dádýrakjöt, reyktur lax og sætar kartöflur

Rocky Mountain kattafóður frá Taste of the Wild inniheldur 42% prótein. Uppskriftin er stútfull af næringarríkri orku fyrir ketti á öllum aldri og er hugsuð bæði fyrir kettlinga og fullorðna ketti.


Blanda af ristudu dádýrakjöti og reyktum laxi gefur þetta ómótstæðilega villta bragð sem kettir geta ekki staðist og þau næringarefni sem stuðla að langtíma heilsu og vellíðan kattarins. Lax veitir framúrskarandi uppsprettu af omega-3 fitusýrum, sem eru þekktar fyrir að draga úr bólgumyndun og geta hjálpað til við að halda húð og feld katta heilbrigðum. Dádýrakjötið er pakkað af próteinum og vítamínum sem stuðla að almennu heilbrigði katta.

### Helstu staðreyndir:

- **Alvöru dýraprótein:** Dádýr og lax
- **Aðal kolvetnagjafi:** Baunir og sætar kartöflur
- **Stærð tegundar:** Allar tegundir
- **Lífsskeið:** Allur aldur
- **Prótein:** 42%

## Rocky Mountain kattafóður

Fyrir allar tegundir og allan aldur



# Lowland Creek kattafóður

## Andakjöt, sætar kartöflur og linsubaunir

Lowland Creek kattafóður frá Taste of the Wild inniheldur auðmeltanleg prótein frá hágæða andakjöti og inniheldur næringarefni og andoxunarefni sem stuðla að heilbrigðu hjarta, góðri sjón og almennri vellíðan katta á öllum aldri. Fóðrið svarlar þörfum katta fyrir villt fuglakjöt og er hugsað bæði fyrir kettlinga og fullorðna ketti.


Andakjöt er ríkt af próteinum, omega 3 fitusýrum, vítamínum og sinki og seleníum. Þessi næringarefni stuðla að heilbrigðri og jafnri orku, heilbrigðum feld og húð og styrkja ónæmiskerfið. Önd er jafnframt sjaldgæfur próteingjafi sem getur gagnast köttum með ofnæmi eða óþol.

### Helstu staðreyndir:

- **Alvöru dýraprótein:** Andakjöt
- **Aðal kolvetnagjafi:** Sætar kartöflur og linsubaunir
- **Stærð tegundar:** Allar tegundir
- **Lífsskeið:** Allur aldur
- **Prótein:** 36%

## Lowland Creek kattafóður

Fyrir allar tegundir og allan aldur





# Taste of the Wild

---

Kynntu þér úrvalið hér:



[www.dyravinir.is](http://www.dyravinir.is)



D Ý R A V I N I R